

Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins (Congress of Local and Regional Authorities, CLRAE): **Evrópskar háttsemisreglur fyrir alla sem taka þátt í sveitarstjórn** (*European Code of Conduct for all Persons Involved in Local and Regional Governance*).

Samþykkt á 35. þingi, 7. nóvember 2018. Aðgengilegt hér: <https://rm.coe.int/european-code-of-conduct-for-all-persons-involved-in-local-and-regional/16808d3295>

Byggist á endurskoðun *Code of Conduct for the Political Integrity of Local and Regional Elected Representatives*, frá 1999, sjá íslenska þýðingu á síðavef Sambands íslenskra sveitarfélaga: <https://www.samband.is/media/sidareglur/Sidareglur-CLRAE.pdf>.

Endurskoðun 2018. Íslensk þýðing á ákvæðunum sjálfum (formála og skýringum sleppt), Sigurður Kristinsson, maí 2019:

I Markmið og gildissvið

1.gr. Markmið siðareglanna

Markmið þessara reglna er að auka heilindi í opinberri stjórnsýslu með því að skilgreina þær meginreglur og viðmið um háttarni sem vænst er af öllum gerendum.

2.gr. Gildissvið siðareglanna

Siðareglur þessar gilda fyrir alla sem taka þátt í opinberri stjórnsýslu á sveitarstjórnarstigi.

II Meginreglur / almenn ákvæði

3.gr. Fara skal að lögum

Allir gerendur skulu á öllum tímum breyta samkvæmt lögum og þjóna almannahagsmunum.

4.gr. Ábyrgð

Allir gerendur er ábyrgir fyrir ákvörðunum sínum og breytni og ættu að vera fúsir til að útskýra nákvæmlega ástæður hennar.

5.gr. Gagnsæi

Allir gerendur skulu leggja sig fram um að athafnir þeirra séu gagnsæjar, aðgengilegar og sýnilegar. Þetta á m.a. við um athafnir er varða stefnumótun, ákvarðanatöku, samskipti og þátttöku. Allir gerendur skulu svara samvisskusamlega, heiðarlega og fyllilega öllum beiðnum almennings um upplýsingar. Þeir skulu verja rétt allra til að hafa, taka við og koma áfram slíkum upplýsingum hindrunarlaust. Iðkun þessara réttinda er mögulega bundin skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum. Þar sem slíkt á við skal útskýra ástæður þess með vísun í lög.

6.gr. Virðing og bann við mismunun

Allir gerendur skulu virða hver annan. Þeir skulu vinna eindregið að því að skapa menningu sanngirnis og umburðarlyndis þar sem engum er mismunað og fjölbreytileiki er metinn.

7.gr. Verðleikar

Í mannauðsstjórnun ætti að leggja verðleika fólks og fagmennsku til grundvallar.

8.gr. Óhlutdrægni

Allir gerendur ættu að vera óhlutdrægir í ákvörðunum sínum og athöfnum, forðast hvers kyns fordóma og hygla ekki fólki, þar með talið eigin venslafólki.

9.gr. Hagsmunaárekstrar

Allir gerendur skulu forðast hvers kyns árekstra, sem og ásýnd um árekstra, milli eigin einkamála og opinberra skyldna. Stefnumörkun um varnir gegn hagsmunaárekstrum skal grundvallast á gagnsæi og ábyrgð (accountability). Allir gerendur skulu hlíta þeim ráðstöfunum sem gildandi reglur fela í sér um að fylgst sé með og þeir gefi upp beina og óbeina persónulega hagsmuni sína, önnur umboð, hlutverk eða störf, eða breytingar á eignum og skuldum.

III – Sérstakar skyldur

10.gr. Spilling og misferli

Allir gerendur skulu forðast að misnota opinbert hlutverk í eiginhagsmunaskyni, sem og að misnota almannafé.

11. Opinber innkaup og útboð

Á öllum stigum innkaupahringisins skulu ákvarðanir og athafnir stjórnast af sanngjörnum, skýrum og opnum ferlum þar sem gætt er að réttinum til að fara í saumana á öllum ákvörðunum. Útboðsaðilar skulu fara fram með ábyrgum og sanngjörnum hætti og forðast að hafa óviðeigandi áhrif á útboðsferlið.

12. gr. Starfsval eftir opinber störf

Enginn skal í hlutverki sínu aðhafast neitt til þess að tryggja sjálfum sér persónulegan eða faglegan ávinning eftir að hlutverkinu lýkur.

IV – Aðferðir til eftirlits

13. gr. Kerfisbundin innleiðing

Allar stofnanir sem þátt eiga í stjórnun sveitarfélaga ættu að hafa og birta heilindastefnu (integrity policy) sem felur í sér ferli og stofnanir sem styðja við og tryggja opinber heilindi. Stefnan ætti að kveða á um viðeigandi ráðgjöf og leiðsögn fyrir alla til að fást við siðferðileg álitamál og heilinda áhættu.

14. gr. Ábendingar um misferli

Allar stofnanir sem tengjast stjórn sveitarfélags ættu að hafa ferli sem lýsir því hvernig greina má frá grun um misferli. Þetta ferli ætti að lágmarki að ná yfir eftirfarandi:

- a. Lýsing á grun um misferli
- b. Hvernig farið er með frásögnina og hún skráð
- c. Skilgreindur möguleiki sem komið hefur verið á fót fyrir starfsmenn að ráðfæra sig í trúnaði við ráðgjafa um grun um misferli;
- d. Tilgreindir aðilar eða stofnanir sem taka við ábendingu um grun um misferli;
- e. Skyldan til að halda trúnað um ábendinguna, óski ábendingaraðili þess;
- f. Nauðsyn þess að bregðast tímanlega við ábendingunni og veita ábendingaraðila endurgjöf. Allar stofnanir sem tengjast stjórn sveitarfélagsins eru skyldugar að upplýsa starfsmenn sína skriflega um ofangreint ferli. Stofnunin veitir einnig upplýsingar um:
 - a. Aðstæður sem leyfa að ábendingu um grun um misferli sé beint út fyrir stofnunina;
 - b. Lagalegar varnir þess sem bendir á grun um misferli.

V – Friðhelgi einkalífs og notkun gagna

15. gr. Grunnreglur um meðferð gagna og persónuvernd

Meðferð gagna skal vera samkvæmt lögum og gætt skal meðalhófs, skilvikni og virðing fyrir friðhelgi einkalífs. Stofnunin skal þess vegna:

- a. Eingöngu vinna viðeigandi og nauðsynleg gögn í tilgangi sem er skýr, afmarkaður í tíma og lagalega skilgreindur.
- b. Eingöngu vinna með gögn sem hæfa upphaflegum tilgangi söfnunar þeirra, bæði hvað varðar gæði og magn.
- c. Eingöngu vinna með gögn á þann hátt að þriðji aðili geti ekki notað þau á siðferðilega rangan eða óviðeigandi hátt.
- d. Eingöngu geyma gögn eins lengi og nauðsynlegt er til að uppfylla upprunalegan tilgang söfnunar þeirra;
- e. Tryggja rétt einstaklings til að sjá og staðreyna gögn sem safnað hefur verið um hann eða hana.

VI – Birting / dreifing

16. gr. Birting siðareglanna

Reglurnar skulu birtar almenningi til þess að auka vitund hans um þau hegðunarviðmið sem hann á tilkall til frá öllum gerendum í tengslum við stjórn sveitarfélags. Ákvæði siðareglanna skulu tengdar beint inn í dagleg störf stofnunarinnar og rædd reglulega.